

# Samningur

milli Sjúkratrygginga Íslands kt. 650309-0220, í samningi þessum nefndar SÍ, og Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS, kt. 680172-0139, í samningi þessum nefndur verksali, um þverfaglega endurhæfingu á Reykjalundi.

## 1. Gildissvið.

- 1.1 Samningur þessi tekur til starfsemi Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS, sem starfrækt er að Reykjalundi, eins og hún er skilgreind í samningi þessum.
- 1.2 Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS er einkastofnun Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) og rekin af sambandinu. Reykjalundur heyrir undir stjórn samtakanna sem kosin er til tveggja ára eftir hvert reglulegt sambandsþing í samræmi við lög samtakanna.
- 1.3 SÍ kaupa þverfaglega endurhæfingar- og hæfingarmeðferðir af verksala. Samningurinn tekur til endurhæfingar á átta meðferðarsviðum fyrir einstaklinga sem þurfa endurhæfingu og þjálfun á dagdeild eða göngudeild í kjölfar sjúkrahúsvistar og/eða vegna tiltekinna sjúkdóma. Einnig tekur samningurinn til legudeildar fyrir einstaklinga sem þurfa þjónustu og eftirlit allan sólarhringinn samhliða endurhæfingu. Skilgreiningar og skilmerki fyrir þverfaglegri endurhæfingu koma fram í fylgiskjali I. Meðferðarsvið ásamt skilyrðum og ábendingum fyrir þverfaglegri endurhæfingu koma fram í fylgiskjali II.
- 1.4 Samningurinn tekur jafnframt til reksturs heimilis Hleinar fyrir sjö mikið fatlaða einstaklinga, sbr. fylgiskjal I.
- 1.5 Verksali hefur heimild til að bjóða upp á gistiþjónustu fyrir einstaklinga sem eru í þverfaglegri endurhæfingu á dag- eða göngudeild og þurfa á gistingu að halda vegna búsetu fjarri Reykjalundi eða vegna félagslegrar stöðu. Í tengslum við gistinguna er veitt öryggis- og neyðarþjónusta. Ekki er veitt hjúkrunarþjónusta í tengslum við gistinguna. Verksala er heimilt að innheimta gjald fyrir hluta kostnaðar við fæði og gistingu skv. reglugerð nr. 207/2010 um gjald fyrir dvöl á sjúkrahótelu.
- 1.6 Verksali tekur aðeins þá einstaklinga í þverfaglega endurhæfingu samkvæmt samningi þessum sem hafa beiðni frá lækni um meðferð á Reykjalundi og eru sjúkratryggðir skv. lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 eða slysatryggðir skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.
- 1.7 Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir eða heilsuverndarstarfa, hverju nafni sem nefnast.
- 1.8 Verksali hefur heimild til að stunda aðra starfsemi við hlið þeirrar starfsemi sem samningur þessi tekur til án sérstakrar heimildar SÍ. Þó verður verksali að gæta að því að sú starfsemi skaði ekki á neinn hátt þá þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum og halda tekjum og kostnaði vegna þeirrar starfsemi aðgreindri frá þjónustu samkvæmt samningi þessum.

- 1.9 Sjúkratryggðir einstaklingar greiða gjöld fyrir hverja komu til sérgreinalæknis á göngudeild skv. 12. gr. reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú nr. 1175/2011, sbr. gjaldskrá til útreiknings sjúklingshluta, sjá fylgiskjal V. Fyrir komu og endurkomu á göngudeild vegna þjónustu annarra en sérgreinalækna skal sjúkratryggður greiða skv. 9. gr. sömu reglugerðar. Greiðslukvittanir verksala geta nýst sjúkratryggðum einstaklingum til öflunar afsláttarskírteinis vegna læknisþjónustu.
- 1.10 Þeir sjúkratryggðu einstaklingar, sem rétt eiga á þjálfun (sjúkra-, iðju- og talþjálfun) á göngudeild verksala skulu greiða gjald fyrir hverja meðferð í samræmi við reglugerð sem velferðarráðherra setur um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun, nú reglugerð nr. 721/2009, með síðari breytingum. Greiðslukvittanir verksala geta nýst sjúkratryggðum einstaklingum til öflunar þjálfunarkorts.
- 1.11 Verksali skal hafa gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir sjúklinga á göngudeild.

## 2. Starfsemi og þjónusta.

- 2.1 Samningur þessi tekur til þverfaglegrar endurhæfingarstarfsemi verksala á göngu-, dag- og á legudeild og einnig til reksturs heimilisins Hleinar svo sem nánar er skilgreint í samningi þessum. Samningurinn tekur til allrar stoðþjónustu, sem nauðsynleg er starfsemi stofnunarinnar. Hann tekur einnig til stoðþjónustu sem verksala er heimilt að kaupa af öðrum, enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum um slíka þjónustu.
- 2.2 Þjónusta verksala fer fram í þverfaglegri teymisvinnu heilbrigðisstarfsfólks. Fagsvið heilbrigðisstarfsfólks sem undir samninginn heyra eru:
- Lækningar
  - Hjúkrun
  - Sjúkraþjálfun
  - Iðjuþjálfun
  - Heilsuþjálfun
  - Sálfræðiþjónusta
  - Félagsráðgjöf
  - Talþjálfun
  - Næringarráðgjöf
- 2.3 Þjónusta samkvæmt samningnum skal falla að heildarskipulagi endurhæfingar í landinu og verkaskiptingu milli stofnana.
- 2.4 Hlein, heimili fyrir fatlaða einstaklinga, fellur einnig undir ákvæði samnings þessa, að því marki sem við getur átt, en heimilið skal rekið sem sjálfstæð rekstrareining með aðgreindan fjárhag.
- 2.5 Verklagsreglur um forgangsroðun af biðlistum eru í fylgiskjali IV.

### 3. Markmið.

- 3.1 Markmið samningsins er að veita þeim sem samningurinn tekur til endurhæfingarþjónustu sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur, sbr. 6. gr. og að nýta með sem hagkvæmustum hætti það fé sem sjúkratryggingar leggja til verkefnisins.
- 3.2 Við framkvæmd samningsins skal verksali leita leiða til að ná fram markmiðum hans með hagkvæmum og skilvirkum hætti og tryggja að þjónusta við sjúklinga sé ávallt í fyrirrúmi.

### 4. Þverfagleg endurhæfing og magn þjónustu

- 4.1 Starfsemin greinist í endurhæfingarþjónustu sem starfrækt er á dagdeild, legudeild og göngudeild með mismunandi meðferðarúrræðum sem nánar er lýst í fylgiskjölum I og II. Í fylgiskjali III er upptalning matstækja sem notuð eru til árangursmælinga á meðferðarúrræðum hjá verksala. Fylgiskjöl I, II og III skal endurskoða á samningstímabilinu og skal endurskoðunin taka mið af þörf, nýtingu og skilgreindum gæðaviðmiðum.
- 4.2 Þverfagleg endurhæfing er starfrækt á átta meðferðarsviðum. Þegar tekið er mið af magni og þjónustu, sbr. starfsemisupplýsingar Reykjalundar, sjá fylgiskjal X, skal verksali að lágmarki skila 25.393 meðferðardögum á ári fyrir að lágmarki 1.050 innritaða sjúklinga á dagdeild og legudeild sem skiptist á eftirfarandi meðferðarsvið:

Þverfagleg endurhæfing	Lágmarksfjöldi sjúklinga á ári	Lágmarksfjöldi meðferðadaga á ári
Geðsvið	130	3.568
Gigtarsvið	130	2.710
Hjartasvið	185	3.980
Tauga- og hæfingarsvið	130	3.021
Lungnasvið	170	4.239
Næringar- og offitusvið	100	1.905
Starfsendurhæfingarsvið	35	2.621
Verkjasvið	170	3.349
Alls	1.050	25.393

- 4.3 Legudeild er starfrækt með 18 rúmum fyrir einstaklinga sem þurfa þjónustu og eftirlit allan sólarhringinn samhliða þverfaglegri endurhæfingu. Þegar tekið er mið af magni og þjónustu, sbr. starfsemisupplýsingar Reykjalundar, sjá fylgiskjal X, skal við það miðað að verksali skili a.m.k. 2.500 legudögum fyrir a.m.k. 120 sjúklinga í þverfaglegri endurhæfingu. Skilmerki fyrir innlögn á legudeild samhliða þverfaglegri endurhæfingu koma fyrir í fylgiskjali I.
- 4.4 Þegar tekið er mið af magni og þjónustu, sbr. starfsemisupplýsingar Reykjalundar, sjá fylgiskjal X, skal verksali skila að lágmarki 3.000 göngudeildarkomum á ári fyrir að lágmarki 1.200 sjúklinga.

- 4.5 Hlein er heimili, staðsett á lóð Reykjalundar og starfrækt alla daga ársins. Verksali skal tryggja 7 mikið fötluðum einstaklingum dvöl á Hlein alla daga ársins. Íbúum Hleinar skal tryggð viðeigandi lækniþjónusta, sjúkra-, iðju- og almenn heilsuþjálfun á Reykjalundi.
- 4.6 Gistirými er starfrækt fyrir einstaklinga sem eru í endurhæfingu á dagdeild og þurfa á gistingu að halda vegna búsetu fjarri Reykjalundi eða vegna félagslegrar stöðu. Verksali skal tryggja a.m.k. 60 gistirými fyrir sjúklinga og aðra gesti í a.m.k. 320 daga á ári. Gistirými skiptast þannig að 30 rými eru í aðalhúsi Reykjalundar og 30 í smáhýsum á lóð.

## 5. Kröfur til þjónustu, heilbrigðisstarfsmanna og aðbúnaðar.

- 5.1 Endurhæfingarþjónusta.  
Sjúklingum skal tryggð fullnægjandi endurhæfingarþjónusta sem taki mið af þörfum þeirra. Verksali ábyrgist að viðurkenndir sérfræðilæknar í endurhæfingu og öðrum þeim sérgreinum, sem þörf er á og annað sérhæft starfsfólk, starfi jafnan á stofnuninni. Verksali skipuleggur endurhæfingarþjónustu á stofnuninni, setur markmið um þjónustustig og framfylgir þeim.
- 5.2 Kröfur til heilbrigðisstarfsmanna.  
Um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna er sinna þjónustu verksala gilda ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.
- 5.3 Fæði.  
Verksali veitir sjúklingum sem innritaðir eru á legudeild eða dvelja í gistirými fullt fæði meðan hann dvelst á staðnum. Framleiðsla og framreiðsla þess skal vera á kostnað verksala. Fullt fæði telst vera morgunverður, heit máltíð í hádeginu, eftirmiðdagskaffi, kvöldverður (ýmis heit eða köld máltíð) og kvöldhressing. Tími milli máltíða, frá morgni til kvölds skal að jafnaði vera 3-4 klst. og tími frá kvöldhressingu til morgunverðar má ekki vera lengri en 11 klst. Samsetning fæðis skal vera í fullu samræmi við ráðleggingar fagráðs Landlæknisembættisins um hollt mataræði og næringarefni.  
Verksali skal sjá til þess að sjúklingar sem þurfa séræði svo sem vegna sjúkdóms fái fæði við sitt hæfi. Verksali skal þá útvega séræði með aðra næringarsamsetningu.
- 5.4 Lín og hreinlætisvörur.  
Verksali sér sjúklingum sem innritaðir eru á legudeild eða gistirými fyrir sængurfatnaði, handklæðum og þvottastykkjum. Verksali skal sjá um þvott á eigin líni. Þvottaefni sem notuð eru skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til yfirborðsvirkra efna í reglugerð nr. 708/2008, um þvotta- og hreinsiefni. Leitast skal við að nota þvottaefni sem ekki innihalda efni sem geta valdið húðertingu.
- 5.5 Hollustuhættir.  
Starfsemi verksala skal uppfylla kröfur heilbrigðisreglugerðar og kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 með síðari breytingum ásamt reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim lögum.
- 5.6 Réttindi sjúklinga.  
Um réttindi sjúklinga, auk sérákvæða samnings þessa, gilda ákvæði laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

## 6. Gæði þjónustu, markmið og innra eftirlit.

- 6.1 Rekstur verksala skal miðast við að veita eins góða endurhæfingarþjónustu og kostur er í anda samþykktar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) en samkvæmt henni er markmið endurhæfingar eftirfarandi:  
*“Endurhæfing miðar að því að skjólstæðingur nái aftur eins góðri líkamlegri, andlegri og félagslegri færni og unnt er. Hún felur í sér öll þau úrræði sem miða að því að draga úr áhrifum fötlunar og þeim hindrunum sem fötlunin veldur. Hún felur jafnframt í sér þau úrræði sem gera fötluðu fólki kleift að vera virkir þjóðfélagsþegnar.”*
- 6.2 Reynt er að efla virkni skjólstæðinga, auka hreyfingu og gera þá ábyrga fyrir eigin heilsu. Viðurkennd mælitæki verða notuð til að meta ástand sjúklinga og árangur endurhæfingar, sjá nánar fylgiskjal III um helstu mælitæki. Verksali skal upplýsa SÍ árlega um árangur þjónustunnar í ársskýrslu með þeim mælitækjum sem tilgreind eru í fylgiskjali III.
- 6.3 Verksali skal setja sér mælanleg gæða- og þjónustumarkmið, sem byggja á gæðaáætlun velferðarráðuneytisins og koma sér upp innra eftirliti m.a. í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar. Gæðakerfið skal m.a. taka til þeirra atriða sem upp eru talin í 4. og 5. gr. ásamt fylgiskjali I og II en auk þess til eftirfarandi þátta:
- 6.3.1 Sjúkraskrár.  
Halda skal sjúkraskrár samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál nr. 227/1991, með síðari breytingum og kröfum Embættis landlæknis.
- 6.3.2 Lyfjamál.  
Lyfjamál verksala heyra undir framkvæmdastjóra lækninga. Hann tilnefmir tvo af læknum stofnunarinnar og hjúkrunarfræðing í lyfjanefnd sem ásamt lyfjafræðingi skulu vera ráðgefandi um eftirfarandi:
- \* að tryggja að sjúklingar stofnunarinnar fái lyf við hæfi
  - \* að lyfjameðferð sé í samræmi við yfirlýsta lyfjastefnu og hlutverk verksala
  - \* að semja og viðhalda lyfjalista stofnunarinnar
  - \* að semja reglur um með hvaða hætti ný og dýr lyf eru tekin á lyfjalista eða notuð í undantekningatilfellum innan stofnunarinnar
  - \* að tryggja hagkvæm innkaup lyfja m.a. með þátttöku í sameiginlegum innkaupum og útboðum með öðrum heilbrigðisstofnunum
  - \* að fylgjast með lyfjakynningum innan stofnunarinnar og sjá til þess að þær samræmist síðareglum Læknafélags Íslands og reglum stofnunarinnar um lyfjakynningar.
- 6.3.3 Ábendingar og kvartanir.  
Við atvikaskráningu og meðferð ábendinga eða kvartana, sem er hluti af innra eftirlitskerfi verksala, skal fara að ákvæðum laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Allar kvartanir skulu fá formlega afgreiðslu.

## 7. Fjármögnun.

- 7.1 Til að standa undir þjónustu og kröfum sem samningur þessi tekur til greiða SÍ 1.496,3 m.kr. árið 2012. Fjárhæðin sundurliðast sem hér segir:

<b>Pverfagleg endurhæfing- og hæfingarmeðferðir á Reykjalundi:</b>	<b>Fjárveiting SÍ</b>	<b>Hlutfallsleg skipting</b>
Pverfagleg endurhæfing dagdeild/legudeild	<b>1.172.755.548 kr.</b>	<b>85,2%</b>
Rekstur legudeildar	<b>131.400.000 kr.</b>	<b>9,5%</b>
Pverfagleg endurhæfing á göngudeild	<b>11.107.853 kr.</b>	<b>0,8%</b>
Sjúkra-, iðju- og talþjálfun á göngudeild	<b>1.893.800 kr.</b>	<b>0,1%</b>
Rekstur gistirýmis	<b>59.642.800 kr.</b>	<b>4,3%</b>
<b>Alls árið 2012</b>	<b>1.376.800.000 kr.</b>	<b>100,0%</b>
<b>Rekstur heimilisins Hlein</b>	119.500.000 kr.	
<b>Reykjalundur og Hlein alls á árinu 2012</b>	<b>1.496.300.000 kr.</b>	

- 7.2 Greiðslan miðast við að verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar.
- 7.3 Uppfylli verksali ekki kröfur um magn þjónustu skv. gr. 4.2, 4.3 og 4.4 skerðast greiðslur um 80% af viðmiðunarfrjárhæð fyrir hvern sjúkling, sbr. fylgiskjal IX, sem er hluti samnings þessa.
- 7.4 Verði um rekstrarafgang að ræða ber verksala að ráðstafa hagnaðinum til myndunar varasjóðs til að mæta hugsanlegum halla og/eða til uppbyggingar á aðstöðu þ.m.t. tækjum og búnaði eða bættri þjónustu við sjúklinga og til eflingar rannsóknastarfsemi á stofnuninni.
- 7.5 Fjárhæð í grein 7.1 er á verðlagi ársins 2012. Greiðsla skv. gr. 7.1 breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga fyrir viðkomandi ár. Af heildarframlagi ríkisins samkvæmt samningnum skal 80% teljast vegna launakostnaðar og 20% vegna annars kostnaðar. Komi til framlengingar á samningi þessum skal greiðsla skv. gr. 7.1. breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við launa og verðlagsforsendur þess árs.

Greiðsluhluti vegna launa skulu taka breytingum sem taka mið annars vegar af hlutfallslegu vægi starfshópa skv. fylgiskjali VI með samningi þessum og hins vegar af mati fjármálaráðuneytisins á hækkunum í kjarasamningum við stéttarfélag viðkomandi starfshópa ríkisstarfsmanna hjá sjúkrastofnunum. Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga til sambærilegra ríkisstofnana innan ársins skal endurskoða framlag til verksala með sama hætti. Telji verksali ástæðu til að breyta vægi starfshópa skv. fylgiskjali VI með samningi þessum skal hann leggja fram launagögn því til stuðnings áður en níu mánuðir eru til upphafs næsta fjárlagaárs.

Greiðslur vegna annars kostnaðar en launa skulu breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar vegna sams konar kostnaðar og hjá sjúkrastofnunum.

## 8. Greiðslutilhögun.

- 8.1 Greiðslur SÍ skv. gr. 7.1 skulu greiddar fyrirfram í 12 jöfnum greiðslum fyrsta virka dag hvers mánaðar.

## 9. Tryggingar.

- 9.1 Til tryggingar efndum á ákvæðum samnings þessa hefur verksali lagt fram tryggingabréf að fjárhæð kr. 85.000.000- áttatíuogfimmilljónir króna - sem nú er tryggt með 1. veðrétti í fasteignum verksala að Reykjalundi, Mosfellsbæ.

Í tryggingabréfinu er veðheimild fyrir lánum allt að krónum 250.000.000.- tvö hundruð og fimmtíu milljónir sem hvíli á veðréttum fyrir framan nefnt tryggingabréf.

- 9.2 Tryggingabréfið, sem dagsett er 9. janúar 2001, er varðveitt hjá velferðarráðuneytinu ásamt yfirlýsingu dags. 17. desember 2003 og veðbandslausn að hluta dags. 29. janúar 2004. SÍ skuldbinda sig til að ganga ekki að hinni veðsettu eign samkvæmt tryggingabréfinu nema fyrir liggja endanleg niðurstaða dómstóla skv. gr. 15.1.

## 10. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir.

- 10.1 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda lög um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum og um bókhald nr. 145/1994 með síðari breytingum.
- 10.2 Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar starfsemi og þjónustu er samningurinn tekur til aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala. Aðgreina skal rekstur Hleinar frá annarri endurhæfingu.
- 10.3 Stjórnarmaður, forstjóri, framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur verksala mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningagerð milli verksala og þriðja aðila, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmuni verksala. Skylt er stjórnarmanni, og stjórnendum að upplýsa stjórn og SÍ um slík atvik.
- 10.4 Óheimilt er að ráðstafa fé sem greitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum og samrýmist almennum kröfum sem gera verður um meðferð á skattfé.
- 10.5 Verksali skal fara að lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup. Í því felst að bjóða skal út kaup á vörum og þjónustu þegar keypt er fyrir 6,2 millj. kr. eða meira og framkvæmdir yfir 12,4 millj. kr. eða meira, sbr. nú auglýsingu nr. 230/2010, enda fari það ekki í bága við augljósa hagsmuni SÍ. Við útboð skal þess vandlega gætt að seljendum vöru og þjónustu sé ekki mismunað.



## 11. Eftirlit með framkvæmd samningsins.

### 11.1 Faglegt eftirlit Embætti landlæknis.

Embætti landlæknis hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma, sbr. 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni, með síðari breytingum.

### 11.2 Eftirlit SÍ.

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við Embætti landlæknis um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits. SÍ áskilja sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt samningnum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem SÍ telja þörf á hverju sinni. Verksali skal stefna að því að taka upp kostnaðargreiningu á einstökum meðferðarsviðum. Verksali skal með reglulegu millibili upplýsa SÍ ótilkvaddur um lykiltölur reksturs samkvæmt nánara samkomulagi, sbr. fylgiskjal VII með samningi þessum.

### 11.3 Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum.

#### 11.3.1 Endurskoðun.

Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri þeirri starfsemi verksala sem umsamin er í samningi þessum. Í því sambandi er verksala skylt að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina, sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

#### 11.3.2 Stjórnsýsluendurskoðun.

Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá verksala, sbr. lög nr. 86/1997 um ríkisendurskoðun.

## 12. Upplýsingaskylda.

### 12.1 Daglegar upplýsingar til SÍ:

Verksali skal senda SÍ daglega rafrænar upplýsingar skv. forskrift SÍ um gjaldtöku fyrir komur til sérgreinalækna á göngudeild, sbr. 12. gr. reglugerðar nú nr. 1175/2011 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Rafrænar upplýsingar um gjaldtöku fyrir komur og endurkomur á göngudeild vegna þjónustu annarra en sérgreinalækna, sbr. 9. gr. sömu reglugerðar, skal verksali jafnframt senda SÍ daglega skv. forskrift SÍ.

12.2 Verksali skal ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun fyrir lok apríl ár hvert endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, sundurliðaðan frá öðrum rekstri og eignum verksala (rekstur skv. samningi þessum, Hlein og önnur starfsemi).

12.3 Verksali skal ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun fyrir lok apríl ár hvert ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi ársins á undan, sbr. 4., 5. og 6. gr. í samningnum sem og framkvæmd samningsins.

12.4 Nánari skilmála um upplýsingagjöf er að finna í fylgiskjali X, sem er hluti samnings þessa.



- 12.5 Verksali skuldbindur sig til að upplýsa SÍ þegar í stað ef hann sér fram á að hann geti ekki uppfyllt fjárhagsleg eða fagleg ákvæði samningsins.

### **13. Þagnarskylda.**

- 13.1 Verksali skuldbindur sig til að láta alla starfsmenn sína þ.m.t verktaka, ef um þá er að ræða, undirrita heit um trúnaðar- og þagnarskyldu í samræmi við lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga.

### **14. Vanefndir.**

- 14.1 Sýni SÍ með óyggjandi hætti fram á, að verksali uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum, geta þær birt verksala skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra úrbóta og sett hæfilega tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er SÍ heimilt að skerða framlag í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.
- 14.2 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar geta SÍ rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi SÍ áður gert verksala viðvart skriflega og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.
- 14.3 Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samkvæmt kröfugerð innan tímafrests hafa SÍ heimild til að fresta greiðslu þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar.
- 14.4 Ákvæði 14.1 - 14.3 gilda eftir því sem við á um vanefndir SÍ gagnvart verksala.

### **15. Réttarfar.**

- 15.1 Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **16. Gildistími og endurskoðunarákvæði.**

- 16.1 Samningur þessi, sem er gerður í framhaldi af samningi SÍ og Reykjalundar dags. 10. júní 2011, gildir frá og með 1. janúar 2012 til og með 31. desember 2014. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af velferðarráðherra. Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstímans skal starfað áfram eftir samningi þessum, meðan báðir aðilar samþykkja.
- 16.2 Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu.
- 16.3 Samningurinn er uppsegjanlegur á samningstímanum af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

## 17. Fyrirvarar.

- 17.1 Fjárhæðir í grein 7.1 eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig verður heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til í sama mæli og hjá öðrum heilbrigðisstofnunum taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga, enda lækki kröfur um afköst á móti.
- 17.2 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki velferðarráðherra og fjármálaráðherra.

Reykjavík, 25. október 2012

F.h.Sjúkratrygginga Íslands

F.h. stjórnar Reykjalundar  
Endurhæfingarmiðstöðvar S.Í.B.S.

Staðfesting velferðarráðherra

Staðfesting fjármálaráðherra

## **Bókun**

Í tengslum við færslu samninga um atvinnutengda endurhæfingu frá velferðarráðuneyti til Virk í kjölfar laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða geta áherslur heilbrigðisyfirvalda breyst á samningstímanum þannig að lögð verði ríkari áhersla á endurhæfingu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu á geðsviði og verkjasviði á kostnað almennrar starfsendurhæfingar á Reykjalundi.

**Fylgiskjöl með samningi eru eftirfarandi og teljast þau hluti hans:**

- Fylgiskjal I: Starfsemi Reykjalundar. Skilgreiningar og skilmerki**
- Fylgiskjal II: Meðferðarsvið Reykjalundar. Skilyrði og ábendingar**
- Fylgiskjal III: Matstæki sem notuð eru til árangursmælinga á Reykjalundi**
- Fylgiskjal IV: Verklagsreglur. Forgangsröðun á biðlistum**
- Fylgiskjal V: Gjaldskrá til útreiknings sjúklingshluta**
- Fylgiskjal VI: Hlutfallsleg skipting launakostnaðar á starfsstéttir**
- Fylgiskjali VII: Upplýsingagjöf**
- Fylgiskjal VIII: Rekstrarreikningur, áætlun 2012**
- Fylgiskjal IX: Skýring á skerðingarákvæði**
- Fylgiskjal X: Starfsemisupplýsingar Reykjalundar árið 2011**

## Starfsemi Reykjalundar

### Skilgreiningar og skilmerki

#### Þverfagleg endurhæfing

Í þverfaglegri endurhæfingu (interdisciplinary) á Reykjalundi starfa saman mismunandi fagaðilar innan stofnunarinnar og mynda þverfaglegt teymi heilbrigðisstarfsfólks. Teymin vinna saman með það að markmiði að sem best heildarsýn náist yfir ástand fólks og þannig valin meðferð sem metin er út frá einkennum og vandamálum hvers og eins. Sjúklingurinn er hluti af teyminu og er ákvarðanataka og markmiðssetning sameiginleg.

#### Frum- og viðhaldsendurhæfing

Þverfaglegri endurhæfingu á Reykjalundi má skipta í tvö stig, frumendurhæfingu og viðhaldsendurhæfingu. Endurhæfingin er mismunandi eftir meðferðarsviðum, *sjá nánar fylgiskjal II*. Á endurhæfingartímabilinu fer fram árangursmat, *sjá nánar mælitæki fylgiskjal III*.

Frumendurhæfing er fyrsta endurhæfing sjúklinga í kjölfar veikinda eða slysa sem valdið hafa starfrænni skerðingu, tímabundið eða varanlega. Frumendurhæfing nær einnig yfir bráðaendurhæfingu sem er endurhæfing bráðveikra sjúklinga að grunnfærni og til varnar fylgikvillum. Frumendurhæfing er veitt á göngudeild, dagdeild eða legudeild.

Viðhaldsendurhæfing er endurhæfing sjúklinga sem áður hafa verið endurhæfðir en lifa við varanlega skerta færni og þurfa tímabundna eða endurtekna endurhæfingu til að viðhalda færni, virkni og þátttöku. Viðhaldsendurhæfing er veitt á dagdeild og göngudeild.

#### Endurhæfingarmat og forskoðun

Áður en meðferð hefst eða í byrjun meðferðar skal gera endurhæfingarmat. Endurhæfingarmat er mat á meðferðarþörf einstaklings ásamt markmiðssetningu. Endurhæfingarmat getur farið fram á göngudeild og er þá framkvæmt af einum (oftast lækni) eða fleiri fagaðilum meðferðarsviðs. Endurhæfingarmat getur einnig farið fram á dag- eða legudeild í upphafi meðferðar eða sem liður í forskoðunarferli. Í forskoðun fer fram:

- Viðtöl og ítarlegt mat á öllum einkennum og sjúkdómsgreiningum.
- Öflun gagna og útfylling spurningalista.
- Eftir atvikum sértækar mælingar og rannsóknir til að meta ástand sjúklings.
- Farið yfir niðurstöður endurhæfingarmats og markmiðssetning gerð í samráði við sjúkling.

Tímalengd forskoðunar getur verið frá einni og allt að þrem komum á göngudeild eða dagdeild.

## **Þverfagleg endurhæfing á dagdeild**

Á dagdeild er veitt frum- og viðhaldsendurhæfing. Miðað er við að einstaklingur fái a.m.k. þriggja tíma einstaklingsmeðferð á dag fimm daga vikunnar. Heimilt er að allt að helmingur þessa tíma sé í einstaklingsmiðaðri hópmeðferð þar sem tveggja tíma hópmeðferð er ígildi klukkutíma einstaklingsmeðferðar.

### **Skilmerki fyrir þverfaglegri endurhæfingu á dagdeild:**

#### **Skjólstaðingur hefur færniskerðingu og heilsubrest sem þarfnast:**

- Endurhæfingar í kjölfar sjúkrahúsvistar og/eða vegna ýmissa sjúkdóma.
- Einstaklingsmeðferðar í a.m.k. 3 klst. á dag.
- Sérfræðipjónustu læknis.
- Meðferð þverfaglegs teymis fagfólks í endurhæfingu.

## **Þverfagleg endurhæfing á legudeild**

Legudeild er starfrækt með 18 rúmum fyrir einstaklinga sem þurfa umönnun og lágmarksaðstoð við ADL ásamt eftirliti allan sólarhringinn samhliða þverfaglegri endurhæfingu.

### **Skilmerki fyrir innlögn á legudeild samhliða þverfaglegri endurhæfingu:**

#### **1. Skjólstaðingur hefur færniskerðingu og heilsubrest sem þarfnast:**

- Endurhæfingar í kjölfar sjúkrahúsvistar og/eða vegna ýmissa sjúkdóma.
- Einstaklingsmeðferðar í a.m.k. 3 klst. á dag.
- Sérfræðipjónustu læknis.
- Meðferð þverfaglegs teymis fagfólks í endurhæfingu.
- Umönnun og þjónustu allan sólarhringinn.
- Lágmarksaðstoð/eftirlit við ADL.

#### **2. Ástand skjólstaðings telst nægilega stöðugt, þrátt fyrir ýmsa fylgikvilla, svo að:**

- hægt sé að sinna skjólstaðingi með öruggum hætti á endurhæfingardeild.
- skjólstaðingi sé talið fært að taka þátt í endurhæfingu.

#### **3. Skjólstaðingur er talinn fær um þátttöku í mikilli endurhæfingu í kjölfar sjúkrahúsvistar og vegna ýmissa sjúkdóma.**

## **Hlein**

Hlein er heimili, staðsett á lóð Reykjalundar, fyrir sjö mikið fatlaða einstaklinga. Það er rekið sem sjálfstæð rekstrareining með aðgreindan fjárhag. Íbúum Hleinar skal tryggð viðeigandi læknisþjónusta, sjúkra-, iðju- og almenn heilsuþjálfun á Reykjalundi. Þroska- og starfsþjálfun er veitt í sérstakri vinnustofu í húsnæði Reykjalundar. Hlein tekur þátt í sameiginlegum kostnaði skv. mati verksala hverju sinni.

Markmiðið er að skapa einstaklingum sem búa á Hlein eins heimilislegt umhverfi og unnt er. Heimilið nýtir sér aðstöðu Reykjalundar til þjálfunar. Einstaka íbúar á Hlein, sem til þess hafa færni og getu, geta sótt vinnu í vinnustofu og á Múlalundi sem er staðsett í húsnæði Reykjalundar. Auk þess fá íbúarnir einstaklingsmiðaða þroskaþjálfun. Þótt ekki sé litið á Hlein sem meðferðarstofnun, er þar ákveðið teymi sem fylgist með heimilisfólki og heldur deildarþroskaþjálfu mánaðarlega teymisfundi með starfsfólki, ásamt lækni, iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara og þroskaþjálfum úr vinnustofu.

## Meðferðarsvið Reykjalundar

### Skilyrði og ábendingar

#### Geðsvið:

##### Skjólstæðingar. Skilyrði og ábendingar:

- Einstaklingar með langvinnar geðraskanir s.s. þunglyndi og kvíðaraskanir, þar með talið áfallastreituröskun. Oftast er um langvinna sjúkdóma að ræða og algengt að líkamleg vandamál séu einnig til staðar.

##### Tímabil endurhæfingar: 4-8 vikur

##### Innihald meðferðar:

- Hugræn atferlismeðferð
- Styrktar og þolþjálfun
- Samskipta- og félagsfærniþjálfun
- Þjálfun/meðferð/fræðsla til að auka jafnvægi í daglegu lífi
- Skipulagning og tenging við almenn/sérhæfð eftirfylgdarúrræði
- Einstaklingar hafa aðgang að geðheilsuskóla og öðrum námskeiðum

##### Árangursmat:

- Sértekir árangurskvarðar eru notaðir til að meta andlega og líkamlega líðan við upphaf og lok meðferðar.
- Klínískt mat fagteymis.

#### Gigtarsvið:

##### Skjólstæðingar. Skilyrði og ábendingar:

- Einstaklingar með langvinna stoðkerfisverki af völdum liðagigta, slitgigta, hrygggigta, fjölvöðvagigta auk langvinnra verkja.
- Einstaklingar eftir líffæraígræðslur (nýrna- eða lifrar) og langvinn alvarleg veikindi.

##### Tímabil endurhæfingar: 3-6 vikur

##### Innihald meðferðar:

- Færni-, þol-, styrk- og liðleika þjálfun
- Félaglegur stuðningur og mat á réttarstöðu
- Sálrænt mat og meðferð
- Mat og úttekt á getu og færni t.d. til búsetu og hjálpartækjapörf
- Lyfjameðferð. Endurskoðun verkja- og róandi lyfja
- Hugræn atferlismeðferð
- Sjúklingar hafa aðgang að fræðslu í bak- og verkjaskóla, næringarfræðslu og námskeiði í slökun og streitustjórnun.

##### Árangursmat:

- Sértekir árangurskvarðar fyrir gigtarsjúklinga.
- Einstaklingsbundið mat fagteymis.



## **Hjartasvið:**

### **Skjólstæðingar. Skilyrði og ábendingar:**

Einstaklingur sem þarf annars stigs hjartaendurhæfingu, sem hefst þegar hjarta og stoðkerfi hefur náð sér eftir áfall eða aðgerð, oftast 6-8 vikum síðar.

- Einstaklingar með hjartasjúkdóm sem þarfnast hjartaendurhæfingar samkvæmt klínískum leiðbeiningum.
- Einstaklingur sem þarf frumendurhæfingu og framhaldsendurhæfingu eftir stofnfrumuígræðslu.

### **Tímabil endurhæfingar: 4-6 vikur**

#### **Innihald meðferðar:**

- Fræðsla um áhættuþætti, lífstílsbreytingar, mataræði, gildi þjálfunar, streitu, svefn, lyf og hvað tekur við eftir endurhæfingu á Reykjalundi.
- Andlegur og félagslegur stuðningur og sértæk meðferð.
- Lyfjameðferð
- Fræðsla og stuðningur til aðstandenda.

#### **Árangursmat:**

- Samanburður á álagsprófum
- Samanburði á þyngd, fituhlutfalli, blóðsykurgildum o.fl.
- Samanburður á þunglyndis- og kvíðakvörðum

## **Tauga- og hæfingarsvið:**

### **Skjólstæðingar. Skilyrði og ábendingar:**

Einstaklingur með sjúkdóma eða skaða í taugakerfi svo og vöðvasjúkdóma.

- Einstaklingar með meðfæddan eða snemma áunnar hreyfifatlanir með eða án þroskaskerðingar.

### **Tímabil endurhæfingar: 3-8 vikur**

#### **Innihald meðferðar:**

- Greining á vanda er gerð skv. alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu (ICF)
- Fræðsla um taugasjúkdóminn, ráðleggingar um þjálfun, lausnir og úrræði í samfélaginu
- Sértæk þjálfun sem miðar að því að auka hreyfistjórn, jafnvægi, raddstyrk og vitræna starfsemi í samræmi við greiningu fagaðila
- Aðlögun einstaklings og fjölskyldu að lífi með langvinnan sjúkdóm
- Mat og úttekt á getu og færni til búsetu, náms eða starfa eftir því sem við á
- Mat á þörf fyrir hjálpartæki og aðlögun umhverfis og sótt um hjálpartæki ef þarf
- Ráðgefandi sérfræðiþjónusta fyrir einstaklinginn, aðstandendur og stofnanir

#### **Árangursmat:**

Í lok dvalar er metið hvort markmiðum sem sett voru út frá ICF hafi verið náð. Fagaðilar nota sértæk mælitæki til að meta árangur í samræmi við sjúkdóm og færniskerðingu.

## **Lungnasvið:**

### **Skjólstæðingar. Skilyrði og ábendingar:**

- Einstaklingar með langvinna lungnasjúkdóma.
- Einstaklingar sem þurfa endurhæfingu eftir bráð veikindi eða að loknum skurðaðgerðum á öndunarferum eða lungum (t.d. lungnaígræðslu).

### **Tímabil endurhæfingar: 4-6 vikur**

#### **Innihald meðferðar:**

Lífeðlisfræðileg greining og áhættumat fyrir endurhæfingu  
ICF endurhæfingargreining  
Sérhæfð þol- og styrktarþjálfun sniðin að þörfum lungnasjúklinga  
Einstaklings- og hópfræðsla/kennsla/stuðningur m.a. lungnaskóli, reykleysismeðferð, næringarráðgjöf og stuðningur, úðalyfjanotkun, öndunartækni, líkamsbeiting og vinnuaðferðir  
Sálfræðileg greining og meðferð

#### **Árangursmat:**

- ICF til að meta árangur lungnaendurhæfingar
- Í lok dvalar er metið hvort markmiðum sem m.a. voru sett með ICF hafi verið náð.
- Sértek mælitæki er notuð til að meta árangur lungnaendurhæfingar.

## **Verkjiasvið:**

### **Skjólstæðingar. Skilyrði og ábendingar:**

- Einstaklingar með langvinna verki og stoðkerfisverki vegna sjúkdóma eða afleiðinga slysa.

### **Tímabil endurhæfingar: 4-6 vikur**

#### **Innihald meðferðar:**

Einstaklingsbundin verkjameðferð og lyfjameðferð eftir því sem við á  
Styrktar- og þolþjálfun. Þjálfun í líkamsvitund.  
Hugræn atferlismeðferð.  
Lífstílsbreytingar.  
Sjúklingar hafa aðgang að bak- og verkjaskóla.

#### **Árangursmælingar:**

Mælitæki sem meta áhrif á líkamlega og andlega líðan og mælitæki sem hafa verið þýdd og stöðluð af starfsmönnun verkjiasviðs og nota við rannsóknir. (FAVQ, PCS, SOPA)  
ICF til að meta árangur

## **Offitu- og næringarsvið:**

### **Skjólstæðingar. Skilyrði og ábendingar:**

- Einstaklingar sem glíma við alvarlega offitu (BMI>35) svo og þeir sem þurfa endurhæfingu fyrir og eftir hjáveituaðgerð á Landspítala.

### **Tímabil endurhæfingar: 2-5 vikur**

#### **Innihald meðferðar:**

- Fræðsla og kennsla
- Matreiðsla og matarinnkaup
- Úthalds-, styrktar- og færniþjálfun
- Markmiðssetning heilbrigðra lífshátta
- Aðstandendafræðsla

#### **Árangursmat:**

- Fylgst reglulega með breytingum á þyngd og fituhlutfalli.
- Samanburður á álagsprófum við komu og brottför.
- Öndunarmælingar þegar við á.
- Mat á andlegri líðan, breytingum í sjúkleika og þörf fyrir meðferð
- Mat á virkni og félagslegri stöðu

## **Starfsendurhæfing / atvinnuleg endurhæfing:**

### **Skjólstæðingar. Skilyrði og ábendingar:**

Einstaklingar sem þurfa aðstoð við að fara út á vinnumarkaðinn eftir veikindi og slys.

### **Tímabil endurhæfingar: Allt að 4 mánuðir**

#### **Innihald meðferðar:**

- Mat áhrifa sálfélagslegra þátta á vinnugetu
- Mat á áhrifum menntunar og fyrri starfsreynslu á vinnugetu í framtíðinni
- Fræðsla og kennsla ásamt því að auka líkamsvitund og vinnustellingar.
- Styrktar- og þolþjálfun
- Skipulögð eftirfylgd eftir mati

#### **Árangursmælingar:**

- ICF er notað við markmiðssetningu og getur einnig nýst við mat á færni og árangri meðferðar.

## Matstæki sem notuð eru til árangursmælinga á Reykjalandi<sup>1</sup>

### Spurningalistar (þ.m.t. VAS, tíma- og virkniskráning)

1. Mælikvarði Becks á geðlægð (BDI og BDI-II)
2. Mælikvarði Becks á kvíða (BAI)
3. Vonleysiskvarði Becks (BHS)
4. Automatic thoughts questionnaire (ATQ) í ísl. þýðingu
5. Positive automatic thoughts questionnaire (ATQ-P) í ísl. þýðingu
6. Symptom Checklist-90-R (SCL-90-R)
7. Mælikvarði á viðhorf (MÁV) – Fear avoidance beliefs questionnaire (FABQ)
8. Mælikvarði á þráhyggju-áráttu (Maudsley obsessional – compulsive inventory)
9. Félagsfælnikvarðinn (FFK) – Social phobia rating scale
10. Heilsutengd lífsgæði (HL) – íslenskur kvarði
11. Heilsa þín og vellíðan (SF-36 v2)
12. Hörmungarhyggjukvarði - Pain catastrophizing scale (PCS)
13. Mat á heilsufari – sjálfsmatsblað
14. Mat á andnauð – Shortness of breath questionnaire (SOBQ)
15. Hospital anxiety and depression scale (HAD)
16. Epworth – spurningalisti um svefn og dagþreytu
17. Stöðugt mat sjúklings og hjúkrunarfræðings á heilsufari
18. Svefnskrá
19. Verkjamat
20. Virknitafla
21. VAS fyrir verki (visual analog scale)
22. Streitueinkennalisti
23. ABC scale (Activity balance confidence scale)

### Matstæki sem byggja á verklegu, skriflegu eða munnlegu prófi

1. Hámarkspólpróf (á hjóli)
2. Sex mínútna göngupróf
3. Tveggja km göngupróf
4. 10 m göngupróf
5. Sit to stand (1 mín)
6. Gripstyrktarpróf
7. Liðmælingar
8. Standup test
9. Situp test
10. Socks test (klæða í sokka)
11. Stand up and go (TUG)
12. Berg, jafnvægispróf
13. M-MAS-UAS 99 (Modified Ashworth scale)
14. Functional reach
15. Athugun á rödd og tali parkinsonsjúklinga
16. Greiningarpróf fyrir málfuflanir
17. RCBA lesskilningspróf (Reading Comprehension Battery for Aphasia)
18. Hraða- og lesskilningspróf Fjölneis Ásbjörnssonar og Guðna Kolbeinssonar
19. Athugun á talnaleyfni
20. Mæling á færni við iðju (Canadian Occupational Performance Measure – COPM)
21. Purdue Pegboard test (handmat)
22. Box and Block (handmat)
23. A-ONE, Arnadóttir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation
24. Assessment of Motor and Process Skills – AMPS
25. Occupational Self-Assessment - OSA

### Árangur metinn með „passívri“ mælingu

1. Þyngd
2. Líkamsgreining (mat á fitu, „fat free mass“ o.frv.)
3. Mittisummál
4. Líkamsstöðugreining

<sup>1</sup> Mörg þessara mælitækja eru sjaldan notuð og sum eru eingöngu notuð í vísindarannsóknum (t.d. SF 36).

## Verklagsreglur

### Forgangsröðun á biðlistum

Allar beiðnir sem berast eru metnar af framkvæmdastjóra lækninga eða þeim lækni sem hann ákveður. Beiðnir eru síðan skráðar á það meðferðarteymi, sem hentar viðkomandi skjólstæðing.

Eftir að beiðni hefur verið samþykkt og sjúklingur skráður á meðferðarsvið skal viðkomandi teymi senda sjúklingi upplýsingarblað þar sem fram koma upplýsingar um á hvaða sviði viðkomandi er skráður, hver ætla má að sé biðtími eftir meðferð svo og upplýsingar um hvernig hafa má samband við stofnunina.

Yfirlæknar þeirra teyma sem sjúklingur hefur verið skráður á annast flokkun beiðna og ákvarða hvort einhverjir einstaklingar skuli vera í forgangi. Þeir skulu jafnframt meta hvort upplýsingar í innlagnarbeiðni gefi tilefni til að fram fari forskoðun/mat á göngudeild áður en ákvörðun um meðferð er tekin.

#### **Biðtími fer eftir:**

1. Hvenær innlagnarbeiðni meðferðarlæknis er móttækin.
2. Forgangsröðun. Forgangur/ekki forgangur.
3. Tegund endurhæfingar.

## Gjaldskrá til útreiknings sjúklingshluta vegna komu til sérgreinalæknis á göngudeild

Gjaldskrá til útreiknings hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Verksali skal innheimta gjald af sjúklingi í samræmi við reglugerð nr. 1175/2011 um hlutdeild sjúklings. Verksali innheimtir kostnaðarhlutdeild sjúklings og heldur eftir greiðslum frá honum.

Einingarverð gjaldskrár er kr. 271,00. Gjaldskráin tekur mið af gjaldskrá SÍ fyrir þjónustu sérgreinalækna, nú gjaldskrá fyrir þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án sammings við Sjúkratryggingar Íslands og gildir til 31. mars 2013.

<b>Gjaldskránumer</b>	<b>Heiti læknisverks</b>	<b>Ein.</b>
70-201-01	Viðtal og skoðun	<b>19,5</b>
70-204-01	Hjartarit (ekg) - úrlestur innifalinn	<b>6,5</b>
70-206-01	Spirometria með flæðilykkju í inn- og útöndun	<b>9,0</b>
70-209-01	Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi	<b>18,0</b>
70-212-01	Áreynslupróf með spirometrium og berkjuvíkkandi lyfi	<b>25,0</b>
70-216-01	Áreynsluhjartaritun og mat á áreynsluþoli með þrekhjóli eða gangbraut	<b>44,0</b>
70-220-01	Áreynsluhjartaritun og mat á áreynsluþoli með þrekhjóli og mælingu á súrefnisupptöku og koltvísýringsframleiðslu	<b>61,0</b>

## Hlutfallsleg skipting launakostnaðar á starfsstéttir m.v. heildarlaunakostnað á árinu 2011

<b>Reykjalundur:</b>	
<b>Stéttarfélag</b>	<b>Hlutfall af heild</b>
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	20,1%
Læknafélag Íslands	16,2%
Starfsmannafélag Ríkisstofnana	13,7%
Stéttarfélag sjúkráþjálfara	12,2%
Efling	7,0%
Iðjuþjálfafélag Íslands	8,8%
Sjúkraliðafélag Íslands	6,9%
Sálfræðingafélag Íslands	3,2%
Önnur stéttarfélög háskólamenntaðra starfsmanna	4,2%
Fræðagarður	3,2%
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	2,6%
Verkstjórasamband Íslands	0,9%
Rafiðnaðarsamband Íslands	0,6%
Trésmiðafélag Reykjavíkur	0,3%
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>
<b>Hlein:</b>	
<b>Stéttarfélag</b>	<b>Hlutfall af heild</b>
Efling	52,0%
Sjúkraliðafélag Íslands	33,1%
Þroskaþjálfafélag Íslands	14,9%
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>



## Upplýsingagjöf

### Ársreikningur:

Fyrir lok apríl ár hvert skal verksali ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun ársreikning, sundurliðaðan frá öðrum eignum verksala og rekstri (rekstur skv. samningi þessum, Hlein og önnur starfsemi).

Ársreikningurinn skal vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og um bókhald nr. 145/1994, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

Ársreikningur skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra
- Áritun endurskoðenda
- Rekstrarreikning
- Efnahagsreikning
- Yfirlit yfir sjóðsstreymi
- Reikningsskilaaðferðir
- Skýringar
- Sundurliðanir á rekstri skv. samningi þessum frá öðrum rekstri.

### Árshlutareikningur:

Verksali skal árlega taka saman árshlutareikning fyrir janúar til júní ár hvert ásamt starfsemistölum og senda SÍ ótilkvaddur.

### Rekstraráætlun og áætlun um fjölda meðferða:

Verksali skal eigi síðar en fyrir lok desember ár hvert skila ársáætlun til SÍ, þ.e. annars vegar rekstraráætlun og hins vegar starfsáætlun.

Rekstraráætlunin skal sundurliðuð eftir helstu viðfangsefnum og gera grein fyrir dreifingu útgjalda og tekna innan ársins.

Starfsáætlun skal setja starfseminni markmið og fjalla um helstu viðfangsefni komandi árs, starfsemistölur og áætlaðan fjölda meðferða sundurliðaða á meðferðarsvið.

### Ársskýrsla:

Fyrir lok apríl ár hvert skal verksali ótilkvaddur senda SÍ ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi ársins á undan, sbr. 4., 5. og 6. gr. í samningnum sem og framkvæmd samningsins.

### Árlegur fundur:

Verksali skal eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert halda kynningarfund með SÍ þar sem farið er yfir ýmsa þætti samnings og kröfur í samningi:

- Rekstrarhorfur liðins árs og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár.
- Starfsemistölur liðins árs, þar sem fram koma upplýsingar um:
  - Heildarfjöldi einstaklinga (kt.) í þverfaglegri endurhæfingu. Sundurliðaðir eftir meðferðarsviði ásamt fjölda meðferðardaga á hverju sviði.
  - Heildarfjöldi einstaklinga innskrifaðir á legudeild ásamt fjölda meðferðardaga.
  - Heildarfjöldi einstaklinga (kt.) á göngudeild ásamt fjölda koma.
  - Heildarfjöldi einstaklinga (kt) í þjálfun ásamt fjölda koma.
  - Ástæður innlagna, sjúkdómsflokkun, aldur og búseta notenda þjónustunnar.
  - Meðferðarárangur samkvæmt mælitækjum sem tilgreind eru í fylgiskjali III.
  - Biðlistatölur.
- Önnur mál.

## Rekstrarreikningur, áætlun 2012

	<b>Áætlun 2012</b>
<b>REKSTRARTEKJUR:</b>	
Tekjur samkvæmt þjónustusamningi	-1.376.800.000
Tekjur þjálfunar- og göngudeilda	-23.881.445
Fæðissala	-10.531.220
Húsaleiga	-11.774.293
Kostnaðarhlutdeild Hleinar og aðrar tekjur	-10.068.305
<b>REKSTRARTEKJUR SAMTALS</b>	<b>-1.433.055.263</b>
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>	
Laun og launatengd gjöld	1.121.041.825
Aðkeypt vinna og sérfræðiþjónusta	13.238.610
Lyf	9.119.316
Súrefni	6.943.881
Aðkeyptar rannsóknir og rekstrarvörur	6.859.948
Hjúkrunarvörur og lækningatæki	3.249.039
Sjúklingatryggingar	2.116.424
Þvottur, hreinlætisvörur, lín og fatnaður	10.911.609
Matvæli	39.176.658
Sími, prentun, skrifstofuvörur og póstburðargjöld	10.253.327
Rekstur upplýsingakerfa	22.831.769
Viðhald tækja og búnaðar	10.345.248
Viðhald húsnæðis og lóðar	51.820.170
Rafmagn, hiti og fasteignatengd gjöld	56.953.325
Gjaldfærð tæki og búnaður	17.530.665
Akstur, flutnings- og ferðakostnaður	14.421.884
Afskriftir	23.804.220
Námskeið, tryggingar og annar kostnaður	12.437.345
<b>REKSTRARGJÖLD SAMTALS</b>	<b>1.433.055.263</b>
<b>REKSTRARAFGANGUR</b>	<b>0</b>

## Skýring á skerðingarákvæði

## Skerðingarákvæði í gr. 7.3

Uppfylli verksali ekki ákvæði samnings í gr. 4.2 skerðast greiðslur um 80% af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern sjúkling

Dæmi:

	Fjárveiting SÍ	Lágmarksfjöldi sjúklinga	Raunverul. fjöldi sjúklinga	Mism.	Meðalverð/ sjúkling	Skerðing / sjúkling	Skerðing alls
Pverfagleg endurhæfing á dagdeild	1.172.755.548 kr.	1.050	1.040	10	1.116.910 kr.	893.528 kr.	8.935.280 kr.

Uppfylli verksali ekki ákvæði samnings í gr. 4.3 skerðast greiðslur um 80% af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern sjúkling

Dæmi:

	Fjárveiting SÍ	Lágmarksfjöldi sjúklinga	Raunverul. fjöldi sjúklinga	Mism.	Meðalverð/ sjúkling	Skerðing / sjúkling	Skerðing alls
Legudeild	131.400.000 kr.	120	110	10	1.095.000 kr.	876.000 kr.	8.760.000 kr.

Uppfylli verksali ekki ákvæði samnings í gr. 4.4 skerðast greiðslur um 80% af viðmiðunarfjárhæð hvern sjúkling

Dæmi:

	Fjárveiting SÍ	Lágmarksfjöldi sjúklinga	Raunverul. fjöldi sjúklinga	Mism.	Meðalverð/ komu	Skerðing / komu	Skerðing alls
Pverfagleg endurhæfing á göngudeild	11.107.853 kr.	1.200	1.100	100	9.257 kr.	7.405 kr.	740.524 kr.

## Starfsemissupplýsingar Reykjalundar árið 2011

<b>Pverfagleg endurhæfing</b>	<b>Fjöldi sjúklinga</b>	<b>Meðferðardagar</b>
Geðsvið	133	3.650
Gigtarsvið	148	3.085
Hjartasvið	217	4.668
Tauga- og hæfingarsvið	125	2.905
Lungnasvið	175	4.364
Næringar- og offitusvið*	155	2.952
Starfsendurhæfingarsvið	29	2.172
Verkjasvið	194	3.822
<b>Alls</b>	<b>1.176</b>	<b>27.618</b>
Þar af fjöldi inniliggjandi á legudeild	127	2.655
	<b>Fjöldi sjúklinga</b>	<b>Fjöldi koma</b>
<b>Pverfagleg endurhæfing á göngudeild</b>	<b>1.205</b>	<b>3.019</b>
	<b>Fjöldi sjúklinga</b>	<b>Fjöldi gistinóttu</b>
<b>Gistirými</b>	<b>367</b>	<b>8.771</b>